

Ed.

909. Nefndarálit

[299. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, en við sem skipum minni hl., viljum fella það.

Samkvæmt frv. er lagt til að upp verði tekið nýtt innflutningsgjald — 3% — á svonefndar EFTA-vörur, þ. e. a. s. vöruflokka sem innflutningstollar hafa verið lækkaðir á í samræmi við EFTA-samning og viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið. Talið er að gjald þetta muni nema um 1 080 milljónum króna á ári og leiða af sér hækkun verðlagsvísitölu um 0.7—1%, þegar bein víxlverkandi áhrif eru höfð í huga. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, „að hluti“ af gjaldinu eigi að renna til eflingar iðnþróunar. Ljóst er þó, að verulegur hluti gjaldsins á að renna í ríkissjóð. Þetta fyrirhugaða jöfnunargjald veldur verulegum ágreiningi við launþegasamtökin og er enn einn vottur þess, hvernig að málum er staðið af hálfu núverandi ríkisstjórnar. Þá hefur Verslunarráð Íslands einnig varað við samþykkt gjaldsins.

Minni hl. viðurkennir réttmæti þess, að ríkissjóður endurgreiði svonefndan uppsafnaðan söluskatt í því skyni að jafna samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Frv. fjallar hins vegar ekki um endurgreiðslu ríkissjóðs á ofinnheimtum söluskatti, heldur það, að lagt verði á nýtt innflutningsgjald, sem óhjákvæmilega mundi leiða til verðlagshækkana og síðan kaupgjaldshækkunar sem að sjálfsögðu yki á útgjöld iðnaðarins eins og annars atvinnurekstrar. Minni hl. telur réttlætanlegt að tekið sé til athugasunar, að lágt gjald yrði sett á sama grunn og frv. gerir ráð fyrir til eflingar íslenskum iðnaði, iðnþróun, og til að skapa ný atvinnutækifæri í iðnaði, ásamt því að styrkja verkjálfun hjá iðnverkafólki.

Minni hl. er andvígur frv. og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 5. maí 1978.

Jón Árm. Héðinsson,

Ragnar Arnalds.

Albert Guðmundsson.